



*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 132/307*

*komudagur 30.11.2005*

Hlín Lilja Sigfúsdóttir  
Alþingi  
v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 28. nóvember 2005  
SP/hó


**Efni: Tillaga til þingsályktunar um öflun grunnagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarkorta**

*Tilv: 2005110013*

Vísað er í bréf umhverfisnefndar frá 15. nóvember sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

Bændasamtökin veittu stutta en jákvæða umsögn um sömu tillögu með bréfi dags. 20. febrúar 2003, sem enn er í gildi og fylgir hér með.

Virðingarfyllst,  
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurður Þorgeirsson



Alþingi  
Erindi nr. P 132/482  
komudagur 8.12.2005

**EYÞING** – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –  
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang [eything@eything.is](mailto:eything@eything.is)


Akureyri 5. desember 2005


Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um grunngögn um náttúru landsins og náttúrufarskort, 35. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

**Stjórnin samþykkir að gefa ekki umsögn um tillöguna.**

f.h. stjórnar Eyþings

  
Pétur Þór Jónasson  
framkv.stjóri



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 132/133*  
*komudagur 24.11.2005*

Alþingi  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Akranesi 23. nóvember 2005

Tilvísun: L04020002/022.1/MG/rlb


**Efni: Umsögn Landmælinga Íslands um tillögu til þingsályktunar um grunnögn um náttúru landsins og náttúrufarskort, 35. mál**

Landmælingar Íslands vísa í bréf frá umhverfisnefnd Alþingis dagsett 15. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn Landmælinga Íslands um tillögu til þingsályktunar um grunnögn um náttúru landsins og náttúrufarskort, 35. mál.

Landmælingar Íslands vísa í umsögn sem send var í tölvupósti frá stofnuninni 10.02.03 til Nefndasviðs Alþingis um tillögu til þingsályktunar um öflun grunnagagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta. Landmælingar Íslands telja að hér sé á ferðinni mikilvægt mál fyrir kortagerð og rannsóknir á náttúru Íslands.


Stofnunin gerir að öðru leiti ekki frekari athugasemdir við tillöguna.

Með kveðju

  
Magnús Guðmundsson  
forstjóri

Hjálagt:

Fylgiskjal: Tölvupóstur til Nefndasviðs Alþingis dags. 10.02.2003



Umsögn Landmælinga Íslands um tillögu til þingsályktunar um öflun grunngagna um náttúru Íslands og gerð náttúrufarskorta.

Málsnúmer: L03010010

Sent: 10.02.2003 16:03:16

Sent af: Magnús Guðmundsson

Ábyrgur: Magnús Guðmundsson

<b>Almennt</b>	<b>Bréfalyklar:</b> 011 Alþingi
Til: nefndasvid@althingi.is	
Afrit: Eydís L Finnbogadóttir/LMI/IS@LMI, Magnús Guðmundsson/LMI/IS@LMI	
Falið afrit:	
Efni: Umsögn Landmælinga Íslands um tillögu til þingsályktunar um öflun grunngagna um náttúru Íslands og gerð náttúrufarskorta.	

**Texti:**


Landmælingar Íslands fagna að fram er komin þingsályktunartillaga um öflun gagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta. Stofnunin vill hinsvegar koma með eftirfarandi ábendingar um þingsályktunina:

1. Þar sem Ísland er stórt en fámennt land þarf að forgangsraða svæðum sem þarf að kortleggja með þeirri aðferðafræði sem lýst er í tillögunni. Um er að ræða mjög dýra gagnaöflun og því er forgangsroðun mjög mikilvæg.
2. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að nákvæmni við gagnaöflun er mismunandi eftir svæðum, sumstaðar þarf meiri nákvæmni en annars staðar.
3. Þingsályktunin fjallar aðeins um náttúrufarsupplýsingar en einnig þarf að leggja áherslu á að kortleggja aðra þætti s.s. jarðfræði og þætti sem tengjast ferðamennsku á hálendi landsins.
4. Landmælingar Íslands vilja koma því að framfæri að enn vantar mjög á að til séu kortagrunnar sem uppfylla gæðakröfur sem líklega eru undirstaða þeirra vinnu sem þingsályktunin fjallar um og í sumum tilfellum eru eingöngu til mjög gömul gögn. Stofnunin vinnur að gerð stafrænna gagnagrunna í mælikvaða 1:50.000 og 1:250.000 en mikilvægt er að fjármagn fáiast í gerð nákvæmari kortagrunna t.d. af láglandi landsins í 1:10.000 og að öðrum svæðum í mælikvarða 1:25.000.
5. Landmælingar Íslands taka undir það sem fram kemur í þingsályktuninni að mikilvægt er að skilgreina hvaða náttúrufarsgögn skulu framleiða á kostnað ríkisins og hvaða aðgangur skulu vera að þeim.
6. Landmælingar Íslands leggja mikla áherslu á að nýta nýjustu fjarkönnunartækni frá gervitunglum við öflun kortagagna og náttúrufarsgagna enda næst við það verulegur sparnaður og upplýsingar fást sem ekki er hægt að afla með öðrum aðferðum.

Að lokum er mikilvægt að þingsályktun þessi sé kostnaðarmetin.

Vinsamlega staðfestið móttöku þessa tölvupósts.

Bestu kveðjur  
Magnús Guðmundsson



Umhverfisnefnd Alþingis  
Nefndasvið / Hlín Lilja Sigfúsdóttir  
150 Reykjavík

30. nóvember 2005

**Efni: Þingsályktunartillaga um öflun grunngagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta. Þskj.35 – 35. mál.**


Vísað er í bréf Alþingis dagsett 15. nóvember 2005.

Stjórn Landverndar, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtaka Íslands, tekur efnislega undir tillöguna.

Það er ljóst að vegna skorts á ýmsum grundvallar upplýsingum um náttúru Íslands hefur reynst erfitt að meta með fullnægjandi hætti verndargildi einstakra svæða og tegunda. Hvað þetta varðar hafa ákvarðanir um landnotkun og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda verið teknar á ótraustum grunni. Gagnaskortur af þessu tagi hefur einnig leitt til þess að mat á umhverfisáhrifum framkvæmda hefur verið tímafrekara og kostnaðarsamara en ella. Í þessum efnum er úrbóta þörf. Í þingsályktunartillögunni er bent á aðferðir sem byggja á erlendir reynslu. Þessar aðferðir má aðlaga íslenskum aðstæðum, eins og gert var í tengslum við vinnu við rammaáætlun. Ástæða er til að ætla að betri og skipulagðari grundvallar upplýsingar um náttúru landsins geti reynst afar gagnlegar við mat á verndargildi íslenskrar náttúru og við mat á umhverfisáhrifum.

Það er mat stjórnar Landverndar að bæti megi og skipuleggja betur vinnubrögð við skráningu gagna og fá með þeim hætti heilstæðari yfirsýni yfir náttúrufar landsins. Með því að skilgreina gæðakröfur um náttúrufarsgögn má draga úr óvissu við undirbúning og gerð skipulagsáætlana og við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Ekki síður er gagnlegt að skýra hvaða gögn skuli taka saman á kostnað ríkisins og hvernig aðgengi að gögnunum skuli háttáð.

Í framlagðri tillögu segir að „Alþingi álykti að fela umhverfisráðherra að láta skrá náttúru landsins, flokka hana og kortleggja á samræmdan hátt”. Í greinargerð beinist athyglin fyrst og fremst að lífrænni náttúru landsins og gerð vistgerðakorta. Það er mat stjórnar Landverndar að meira þurfi að koma til ef veita á fullnægjandi upplýsingar um náttúrufar. Til að ná markmiðun um heildstætt yfirlit um náttúrufar landsins þyrfti einnig að afla með skipulögum hætti jarð- og vatnafræðilegra upplýsinga og kortleggja í viðunandi mælikvörðum.

Virðingárfyllst,  
  
Tryggvi Felixson  
framkvæmdastjóri Landverndar

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 132/192**  
**komudagur 28.11.2005**

Umhverfisnefnd Alþingis  
Hlín Lilja Sigfúsdóttir  
nefndaritari  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. nóvember 2005  
2005110009/42-1  
SB/rsb

### **Grunngögn um náttúru landsins - umsögn um þingsályktunartillögu**

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis dags. 15. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um grunngögn um náttúru landsins og náttúrufarskort, 35. mál.

Náttúrufræðistofnun hefur áður fjallað efnislega um þessa tillögu í bréfi dags. 25. nóvember 2003 (sjá hjálagt) og mælt með samþykkt hennar. Stofnunin er enn eindregið á sömu skoðun og telur brýnt að efla og flýta skráningu og kortlagningu á náttúru landsins til hagsbóta fyrir almenning og framkvæmdaraðila.

Virðingarfyllst

  
Snorri Baldursson  
aðstoðarforstjóri



Umhverfisnefnd Alþingis  
Eva Margrét Ævarsdóttir  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 25. nóvember 2003  
2003110020/016-1  
SB/hj

### **Tillaga til þingsályktunar um grunnöggn um náttúru landsins og náttúrufarskort, 128. mál**

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis frá 17. nóvember 2003 þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands er beðin um umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Náttúrufræðistofnunar Íslands er sammála því að styrkja þurfi og ljúka sem fyrst öflun og skráningu grunnagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta. Átak í þessum efnum yrði mikið framfaraskref sem kæmi að margþættum notum við skipulagsgerð, umhverfismat og náttúruvernd og mundi spara framkvæmdaaðilum mikinn tíma og fjármuni. Góð náttúrfarsgögn eru forsenda góðrar skipulagsvinnu á lands- og svæðisvísu, sem þarf að taka til verndar náttúruminja, afmörkunar námasvæða (t.d. malar- og sandnámur), kortlagningar náttúrufarsþátta sem lúta að öryggi byggðar (t.d. skriðuföll, jarðsprungur, framhlaup, eldvirkni, jarðhiti) og afmörkunar útvistarvæða.

Til skamms tíma voru gróðurkort, sem aðeins eru til af hluta landsins, einu kortin sem gáfu einhverja mynd af náttúrufari landsins. Gerð þeirra hófst fyrir um 50 árum. Lengi framan af voru þau unnin einungis með hliðsjón af beitarþoli og ástandi gróðurlenda. Með aukinni umhverfisvitund og þekkingu samfara fjölþættari landnýtingu hafa kröfur um lýsingu á náttúrufari landsins breyst. Til samræmis breyttum kröfum og með hliðsjón af þróun í nágrannalöndum var öll aðferðafræði við kortagerð, skráningu og lýsingu náttúrufars endurskoðuð fyrir nokkrum árum.

Í þeirri vistgerðaflokkun og kortlagningu sem nú er unnið að á Náttúrufræðistofnun Íslands er safnað mun fjölþættari gögnum og upplýsingum um náttúrufar en gert var við hefðbundna gróðurkortagerð, m.a. um dýralíf, jarðveg og aðra ólífræna umhverfisþætti. Þannig fæst heildstæðari mynd af náttúrufari og sérstæðni einstakra landsvæða. Fram af þessu hefur stofnunin einbeitt sér að því að flokka og kortleggja vistgerðir á hálendi landsins og má segja að allgóð mynd sé nú fengin af vistgerðum hálendisins, stærð þeirra, útbreiðslu og verndargildi. Þessi vinna hefur einkum farið fram í tengslum við Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma auk einstakra virkjanaframkvæmda. landsins Með markvissu átaki





telur stofnunin raunhæft að ljúka vistgerðakortlagningu landsins alls á næstu fjórum til fimm árum. Í framhaldinu yrði áhersla lögð á að vinna kort og náttúrufarsgögn í meiri upplausn og með áherslu á helstu þéttbýlis- og landbúnaðarsvæði landsins þar sem umhverfisálag er mest.

Með sömu rökum má halda því fram að kortlagning á vistgerðum á sjávarbotni, einkum í fjörum landsins og á nánasta grunnsævisbotni, sé nauðsynleg forsenda skipulagsaðgerða, umhverfismats, náttúruverndar og sjálfbærrar nýtingar sjávar. Lagt er til að stjórnvöld styðji við átak á þessu sviði.


Náttúrufræðistofnun Íslands telur raunhæft að ljúka gerð berggrunnskorta af landinu í kvarða 1.250.000 á næstu fjórum árum. Gerð korta af lausum jarðlögum í þessum kvarða krefst væntanlega lengri tíma nema verulegt aukafjármagn komi til..

Til að kortleggja jarðfræði landsins í kvarðanum 1:50.000 á tíu árum þarf að vinna og gefa út 11 kort á ári. Slíkur hraði í kortavinnslu og gagnaöflun er varla raunhæfur. Raunhæfara væri að ætla 15-20 ár til verksins og miða við fimm til sex kort á ári að meðaltali. Allt er þetta þó háð forgangsröðun og því fjármagni og vinnuafli sem fæst til verksins.

Fjarkönnun nýtist fyrst og fremst við kortlagningu gróðurs. Við kortlagningu jarðmyndana er hinsvegar nauðsynlegt að hafa loftmyndir og góða almenna kortagrunna.

Náttúrufræðistofnun Íslands mælir með samþykki þessarar tillögu til þingsályktunar.

Virðingarfyllst,



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Stykkishólmi, 5. desember 2005

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn Náttúrustofu Vesturlands um tillögu til þingsályktunar um  
öflun grunnagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta (Þskj. ~~35.~~  
35. M. mál)**

Náttúrustofa Vesturlands hefur fengið til umsagnar þingsályktunartillögu um öflun grunnagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta.

Undirritaður fagnar því að Alþingi veki máls á þörfinni fyrir átaki í gagnaöflun um náttúru landsins. Greinargerð sem fylgir þingsályktunartillögunni skýrir ágætlega þörfina fyrir mun viðameiri og áreiðanlegri gögnum um náttúru landsins. Þeir sem koma að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda verða áþreifyfanlega varir við þennan gagnaskort, því í flestum tilfellum reynist nauðsynlegt að afla nær allra frumgagna vegna slíkra framkvæmda. Þetta veldur því að oft kemur ekki í ljós fyrir en framkvæmdaaðili hefur lagt í mikinn kostnað að viðkomandi svæði inniheldur einhverjar náttúruminjar sem valda því að ekki sé réttlætjanlegt að ráðast í viðkomandi framkvæmd. Hafi grunnupplýsingar um landið hins vegar verið skráðar eru mun minni líkur að svona gerist. Að mati undirritaðs er ekki eðlilegt að framkvæmdaaðilar beri kostnað af öflun grunnagna um náttúru landsins.

**Grunngögn um náttúru landsins, líkt og lagt er til í tillögunni að aflað verði, eru grunnur skynsamlegrar landnotkunar og sjálfbærrar nýtingar náttúrunnar. Jafnvel þótt öflun þeirra fylgi óhjákvæmilega nokkur kostnaður, fullyrðir undirritaður að sá kostnaður mun skila sér allur til baka, og ríflega það, í sparnaði við skipulagsgerð og í því að minnka hættuna á því að ómetanlegar náttúruminjar tapist vegna pólitískra ákvarðana.**


Undirritaður fagnar framkominni þingsályktunartillögu og styður hana heils hugar. Ef átak verður gert í skráningu eins og henni er lýst í tillögunni, gerir undirritaður ráð fyrir að mismunandi hlutum verksins verði falið þeim aðilum sem best hentar hverju sinni. Í því sambandi er rétt að benda á að sjö náttúrustofur starfa á Íslandi og sjálfsagt er að nýta staðsetningu þeirra og krafta í slíkum verkefnum.

Virðingarfyllst,



Róbert A. Stefánsson, líffræðingur,  
forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands

Alþingi  
Erindi nr. P 132/537  
komudagur 3.1.2006



SAMBAND SVEITARFÉLAGA  
Á SUÐURNESJUM  
FITJUM - 260 NJARÐVÍK  
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279  
FAX: 421-3766

Suðurnesjum 27. des. 2005.

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK.

**Varðar umsögn um tillögu til þingsályktunar um grunngögn um náttúru landsins og náttúrufarskort, 35. mál.**

Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 20. desember s.l. var tekið fyrir erindi yðar dags. 15. nóv. s.l. þar sem óskað var til umsagnar tillaga til þingsályktunar um grunngögn um náttúru landsins og náttúrufarskort, 35. mál.

Eftirfarandi var fært til bókar.

“Stjórnin tekur ekki afstöðu til þingsályktunarinnar.”

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

  
Guðjón Guðmundsson framkv.stj.

Alþingi  
Erindi nr. Þ 132/484  
komudagur 8.12.2005



## SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

07.12.2005

**Efni: Umsögn SA um þingsályktunartillögu um öflun grunngagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta, 35. mál.**

Samtök atvinnulífsins telja að það verkefni sem í tillögunni felst sé í sjálfu sér jákvætt en að ekki sé unnt að taka afstöðu til tillögunnar þar sem ekki er gerð grein fyrir umfangi verkefnisins, kostnaði sem í því felst né hvernig skuli forgangsraða einstökum hlutum þess og ekki er heldur gerð grein fyrir því hvort sá rammi sem verkefninu er markaður í tíma sé raunhæfur.

Verði ákveðið að ráðast í verkefnið er afar mikilvægt að öll vinna við það verði boðin út á almennum markaði en hún ekki falin opinberum stofnunum án umhugsunar

Virðingarfyllst,

Pétur Reimarsson

2005110051

9140

Alþingi  
Hlín Lilja Sigfúsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. janúar 2006

/--

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um öflun grunnagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta**

Skipulagsstofnun hefur borist erindi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 15. nóvember 2005, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um öflun grunnagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta, 35. mál. Í tillögunni felst að útgáfu náttúrufarskorta í mælikvarða 1:250.000 af öllu landinu verði lokið á næstu fjórum árum og í mælikvarða 1:50.000 á næstu tíu árum. Jafnframt verði kröfur sem gerðar eru til náttúrufarsgagna við gerð skipulagsáætlana og við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda skilgreindar á skýran hátt, þ.e.a.s. lágmarksgögn og lágmarksgæði gagna, og ákveðið hvaða náttúrufarsgögn skuli framleiða á kostnað ríkisins og hvaða aðgangur skuli vera að þeim.

Vegna ofangreindrar óskar vísar Skipulagsstofnun til meðfylgjandi umsagnar sinnar, dags. 20. febrúar 2003, til umhverfisnefndar Alþingis um samhljóða tillögu til þingsályktunar.

  
Björgvinur Armannsson

Hjálagt:

- Bréf Skipulagsstofnunar til umhverfisnefndar Alþingis, dags. 20. febrúar 2003.

Umhverfisnefnd Alþingis  
Eva Margrét Ævarsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. febrúar 2003

/--

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um öflun grunngagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta, 27. mál.**

Skipulagsstofnun hefur borist erindi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 30. janúar 2003, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um öflun grunngagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta, 27. mál. Í tillögunni felst að útgáfu náttúrufarskorta í mælikvarða 1:250.000 af öllu landinu verði lokið á næstu fjórum árum og í mælikvarða 1:50.000 á næstu tíu árum. Jafnframt verði kröfur sem gerðar eru til náttúrufarsgagna við gerð skipulagsáætlana og við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda skilgreindar á skýran hátt, þ.e.a.s. lágmarksgögn og lágmarksgæði gagna, og ákveðið hvaða náttúrufarsgögn skuli framleiða á kostnað ríkisins og hvaða aðgangur skuli vera að þeim.

Skipulagsstofnun tekur undir þörf á öflun grunngagna um náttúru Íslands. Grunnupplýsingar um náttúrufar auk staðfræðikorta og upplýsinga um byggð og menningarminjar kemur allri áætlanagerð um landnotkun til góða og er mikilvæg forsenda hennar.

Í þingsályktunartillögunni og greinargerð með henni er fyrst og fremst vísað til þarfar skipulagsgerðar sveitarfélaga og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda varðandi not af þeim grunngögnum um náttúrufar sem tillagan fjallar um. Skipulagsstofnun telur að öflun almennra grunngagna um náttúrufar á landsvísu eins og lagt er til í 1. mgr. tillögunnar tengist sérstaklega gerð náttúruverndaráætlunar skv. lögum um náttúruvernd. Náttúruverndaráætlun mun síðan verða ein af lykilforsendum skipulagsgerðar sveitarfélaga og ákvarðana um einstakar framkvæmdir m.t.t. áhrifa þeirra á náttúruyfyrirbæri sem njóta skulu verndar. Af þessum sökum vekur Skipulagsstofnun athygli á að ástæða er til að þetta mál sé unnið í samráði við Umhverfisstofnun sem fer með gerð tillögu að náttúruverndaráætlun skv. lögum um náttúruvernd.

Í 2. mgr. tillögunnar er lagt til að kröfur til gagna um náttúrufar við skipulagsgerð og mat á umhverfisáhrifum verði skilgreindar og festar í viðkomandi reglugerðum. Hér er væntanlega

vísað til skipulagsreglugerðar sem fjallar um gerð skipulagsáætlana sveitarfélaga og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun bendir á að í þessum reglugerðum er nú þegar fjallað almennt um gagnakröfur, þ.m.t. kröfur um náttúrufarsgögn. Skipulagsstofnun vekur athygli á að kröfur um nákvæmni og gæði gagna geta verið mismunandi eftir aðstæðum hverju sinni. Í skipulags- og byggingarlögum og skipulagsreglugerð annarsvegar og í lögum og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum hinsvegar eru skilgreind ferli og samráðskröfur sem eiga að tryggja að í hverju tilviki séu gerðar viðeigandi og sambærilegar kröfur til gagna að teknu tilliti til um hvers konar svæði eða framkvæmdir er að ræða hverju sinni. Umfram beinar laga- og reglugerðarkröfur getur verið ástæða til að hið opinbera gefi út leiðbeiningar um þetta efni. Skipulagsstofnun vinnur nú að gerð leiðbeininga um gerð aðalskipulags og deiliskipulags þar sem m.a. er vikið að gagnaöflun og forsendugreiningu. Einnig stendur yfir vinna með Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands þar sem unnið er að leiðbeiningum um gögn um náttúrufar vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda og viðmið/mælikvarða sem framkvæmdaraðilar og aðrir geta stuðst við til að meta þörf á öflun slíkra gagna.

Elín Smáradóttir

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/306*  
*komudagur 30.11.2005*

**U S T**

**Nefndasvið Alþingis**  
**Umhverfisnefnd**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

**Umhverfisstofnun**

*Environment and Food Agency of Iceland*

☒ *Suðurlandsbraut 24*  
*IS - 108 Reykjavík, Ísland*

☎ *(+354) 591 2000*  
*Fax (+354) 591 2010*  
*umhverfisstofnun@ust.is*  
*www.umhverfisstofnun.is*

25. nóvember 2005

Skjalanúmer: 50

Tilvísun: UST20051100091/kg

**Þingsályktunartillaga um öflun grunnagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta, 35. mál**

Vísað er til erindis umhverfisnefndar, dags. 15. nóvember sl, þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um þingsályktunartillögu um öflun grunnagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta, 35. mál.

Umhverfisstofnun hefur viðtækt hlutverk tengt náttúru landsins og notkun náttúrufarskorta. Stofnunin byggir auk þess stóran hluta af starfi sínu á náttúrufarsupplýsingum sem unnar eru á viðeigandi fagstofnunum. Skortur á grunnögnum um náttúrufar Íslands er mjög bagalegur og dregur úr möguleikum stofnunarinnar til að sinna hlutverki sínu. Sem dæmi má nefna að þrátt fyrir að stofnunin hafi sent frá sér viðtæka og yfirgripsmikla tillögu að náttúruverndaráætlun, var sú vinna takmörkuð við þá þætti sem grunnögn leyfðu. Þannig vantar á gagnagrunna um vistkerfi ýmiskonar, vistgerðir, jarðminjar, smádýr svo og ferskvatns-, sjávar- og jarðhitalífverur.

Í tillögu Umhverfisstofnunar um friðlýsingar vegna náttúruverndaráætlunar var bent á mikilvægi þess að ljúka grunnskráningu og kortlagningu á náttúru Íslands sem nauðsynlegan grunn við gerð næstu náttúruverndaráætlunar sem lögum samkvæmt á að leggja fyrir eigi síðar en 2008.


Umhverfisstofnun styður því heilshugar að kraftur verði settur í skipulega skráningu og kortlagningu á náttúru Íslands. Stofnunin telur mjög mikilvægt að hið fyrsta verði lokið við gerð jarðfræði-, gróðurfars-, búsvæða- og vatnafarskortum af landinu í hæfilegum mælikvarða (t.d. 1:50.000).



Góð grunnöggn eru grundvallaratriði í stjórnun náttúruauðlinda, mat á verðmæti, skipulagningu nýtingar og vörnum gegn vá. Umhverfisstofnun telur álíka mikilvægt að slíkar upplýsingar verði öllum aðgengilegar og nauðsynlegt að ríkisvaldið hlutist til um söfnun þeirra upplýsinga og útgáfu.

Virðingarfyllst,

  
Sigurbjörg Gísladóttir  
forstöðumaður

  
Kristján Geirsson  
fagstjóri

Afrit: Umhverfisráðuneytið

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 132/305*  
*komudagur 30.11.2005*



**VEÐURSTOFA  
ÍSLANDS**

Nefndasvið Alþingis — umhverfisnefnd  
Austurstræti 8–10  
150 Reykjavík

Dags. 28. nóvember 2005  
Tilv. 012/6628/MJ/KG

**Efni:** Umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um öflun grunnagna um náttúru Íslands og gerð náttúrufarskorta, 35. mál 132. löggjafarþings.

Í umsögn Veðurstofu Íslands dags. 12. febrúar 2003 um sama mál sagði orðrétt:

„Veðurstofa Íslands styður eindregið fyrirnefnda þingsályktunartillögu. Stofnuninni hefur lengi verið ljóst að mikið vantar upp á að skráning á náttúru landsins standist þær kröfur sem gerðar eru í okkar heimshluta. Náttúrufarsgögn og landmælingagögn er svo nauðsynlegur grunnur að allri vinnu á sviði umhverfis- og skipulagsmála, að segja má að skortur á þeim hindri eða tefji eðlileg vinnubrögð á mörgum sviðum, auk þess sem kostnaður við ýmis framkvæmdaverkefni verður mun hærrí en eðlilegt má telja.“


Til viðbótar þessu telur Veðurstofan eðlilegt að vekja athygli á að forsenda fyrir þekkingu og rannsóknnum á umhverfi og náttúru er, að til séu grunnöggn sem aflað er í sífellu og yfir langan tíma. Slík gögn eru enn af skornum skammti hér á landi og engan veginn fullnægjandi til að Ísland geti borið sig saman við nágrannaríkin á þessu sviði eða uppfyllt samninga og aðrar skyldur. Þekking og öflun margs konar gagna um ástand lands, sjávar og lofts verður æ mikilvægara í allri viðleitni til sjálfbærrar þróunar, verndunar umhverfis og nýtingar auðlinda. Veðurstofan telur því að þessi þingsályktun sé góð byrjun á því mikla verkefni sem öflun margs konar grunnagna um náttúru og umhverfi Íslands er.

Virðingarfyllt

  
Magnús Jónsson  
veðurstofustjóri

BÚSTADAVEGUR 9, 150 REYKJAVÍK  
SÍMI 522 6000 – FAX 522 6001  
NETFANG office@vedur.is

Alþingi  
Erindi nr. P 132/504  
komudagur 12.12.2005



Nefndasvið Alþingis  
Hlín Lilja Sigfúsdóttir  
Austurstræti 8 -10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 07. desember 2005  
Tilvísun: 2005110041/90.12  
GA/MBS/BH  
15.11.2005

**Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um grunngögn um náttúru landsins og náttúrufarskort, 35. mál.**

Með bréfi dags. 15. nóvember sl. er beðið um umsögn um ofangreint málefni.

Frá gildistöku laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Vegagerðin gert nær 90 skýrslur um mat á umhverfisáhrifum. Meðaltal kostnaðar við hverja skýrslu hefur verið áætlað 5 m.kr. eða heildarkostnaður um 450 m.kr.

Verulegur hluti þessa kostnaðar hefur runnið til rannsókna á náttúrufari, en ákvarðanir um þann þátt eru teknar á matsáætlunarstigi í samráði við Skipulagsstofnun eftir umsögn Umhverfistofnunar og hafa þær ekki verið sérlega umdeildar þótt ýmsum þyki kostnaðurinn mikill.

Niðurstöður þessara rannsókna liggja fyrir í matsskýrslum og fylgiskjölum með þeim og eru þannig aðgengilegar. Mikið skortir þó á tengingu þeirra við heildarmynd af náttúrufari landsins, enda hafa verkefnið miðast við umhverfisáhrif einstakra framkvæmda en ekki tekið mið af markvissri uppbyggingu almennrar þekkingar á vistkerfum.

Miðað við þá reynslu sem Vegagerðin hefur aflað af rannsóknum á náttúrufari yrði skráning, flokkun og kortlagning á náttúru alls landsins afar mikið verkefni. Reyndar má telja eðlilegt að ráðast fyrst í úttekt á umfangi verksins og gera áætlun um kostnað og hvernig best sé að standa að því áður en ákvarðanir eru teknar um framkvæmd þess.

Aðgangur að umræddum grunngögnum myndi eflaust auðvelda gerð bæði matsáætlana og matsskýrslna. Líklegt er þó að í mörgum tilfellum yrði eftir sem áður að gera athuganir á vettvangi.

Vegagerðin hefur ekki orðið vör við að skortur á skilgreiningum á lágmarksgögnum eða lágmarksgæðum gagna við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda stofnunarinnar hafi skapað ágreining um ákvarðanir Skipulagsstofnunar eða umhverfisráðherra.

Virðingarfyllst,

Gunnar Gunnarsson, aðstoðarvegamálastjóri.